



Hreppsnefnd 25.11.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 25. nóv. 2004
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Bragi Vagnsson, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Björn Halldórsson og Steindór Sveinsson.
Ennfremur mættir Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 11. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 11. nóv. sl.
Fundargerðin samþykkt með 7 atkv.

2. mál. Samrunaáætlun HB Granda h/f, Tanga h/f og Svans RE-45 ehf.

Oddviti fylgdi málinu úr hlaði og gerði grein fyrir helstu atriðum og lýsti því hvernig staðið hefði verið að vinnu og undirbúningi málsins. Lagður fram samrunaefnahagsreikningur HB Granda h/f, Tanga h/f, Bjarnareyjar ehf og Svans RE-45 ehf. Jafnframt lögð fram samrunaáætlun fyrirtækjanna dags. í nóv. 2004, sem tekur mið af því að samruninn taki gildi frá 1. okt. 2004.

Ólafur Ármannsson, stjórnarformaður í Tanga h/f gerði efnislega grein fyrir málinu, skýrði fyrirbyggjandi gögn og svaraði framkomnum spurningum. Mikil umræða fór fram um málið á fundinum en búist er við að hluthafafundur fyrirtækjanna verði öðru hvoru megin við n. k. áramót. Almennt lýstu hreppsnefndarmenn ánægju með það að málið væri komið á þetta stig. Samþykkt að boðað verði til borgarafundar sem allra fyrst þar sem málin verða nánar kynnt.

3. mál. Slökkvilið: Samningar við nágrannasveitarfélögin og starfsmannamál.

Samvinna hefur verið milli Vopnafjarðar-, Skeggjastaða- og Þórshafnarhrepps um brunavarnir á svæði viðkomandi sveitarfélaga. Samkomulag það sem unnið er eftir er frá árinu 2001 og er samkomulag um að það gildi út árið 2004.

Í viðræðum aðila í milli um áframhaldandi samvinnu í brunamálum hafa verið uppi skoðanir hjá samstarfssveitarfélögunum um að breyta útreikningi kostnaðarhlutdeildar og jafnvel hvort ekki sé æskilegt að slíta samstarfinu. Í þessu sambandi er vísað sérstaklega til neðangreindra samþykktu Þórshafnarhrepps frá 15. okt. sl. og Skeggjastaðahrepps um málið frá 2. nóv. sl. Bókun Þórshafnarhrepps er svofell: 5. mál. Samstarf við Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhrepp. "Samþ. að fela sveitarstjóra að kanna hvort grundvöllur sé á áframhaldandi samstarfi á þeim grunni að sveitarfélögin skipti með sér kostnaði vegna slökkviliðsstjóra eingöngu. Gengið skal frá breyttri kostnaðardeilingu frá þeirri sem hefur verið viðhöfð. Endurskoðað samkomulag skal lagt fyrir sveitarstjórn, ásamt fjárhagsáætlun, til endanlegrar afgreiðslu."

Bókun Skeggjastaðahrepps er þannig: "Ekki er áhugi á áframhaldandi samstarfi í núverandi mynd, vegna slökkviliðsins. Það er athugandi ef fyrirkomulagi verði breytt."

Allmiklar umræður urðu á fundinum um framvindu mála hvað varðaði samstarf um brunavarnir milli sveitarfélaganna og hvernig standa ætti að framhaldi þeirra mála.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Á grundvelli fyrirliggjandi samþykktu Þórshafnarhrepps frá 15. okt. og Skeggjastaðahrepps frá 2. nóv. sl. um brunavarnir samþykkir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að að segja upp núverandi samstarfssamningi um brunavarnir milli sveitarfélaganna frá og með næstkomandi áramótum.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt með 6 atkvæðum.
Björn Heiðar vék af fundi við afgreiðslu þessara mála.

Ennfremur var rætt um starfsmannamál slökkviliðs og að starfsmaður slökkvitækja-þjónustu Vopnafjarðarhrepps er í viðræðum við hreppinn um að taka að sér slökkvitækjaþjónustuna í einkarekstur. Unnið er að frágangi málsins.

4. mál. Kjarasamningar við kennara. Helstu atriði og önnur starfsmannamál.

Lögð fram gögn er greina frá meginefni nýgerðra kjarasamninga við kennara. Oddviti fór yfir helstu atriði samninganna. Einnig greindi hann frá þeirri vinnu sem í gangi er varðandi starfsmannamál í hinum mismunandi stofnunum sveitarfélagsins. Mikil umræða átti sér stað um starfsmannamál sveitarfélagsins.

5. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Umsögn stjórnar SSA um tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarstjórnarskipan frá 16. nóv. sl.

Lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð SASSA frá 15. nóv. sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð fundar um búfjárjúkdóma og möguleika á að hætta bólusetningu sauðfjár vegna garna veiki frá 9. nóv. sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.00